

GÆÐAKERFI

ALMENNUNN VERKFRÆÐISTOFUNNAR

 **Almenna**
verkfræðistofan

FRÁ MÓTUN
AÐ MANNVIRKI

ÞEKKING - METNAÐUR - ÁREIÐANLEIKI



VOTTAÐ GÆÐAKERFI

Öll verkefni sem AV tekur að sér eru unnin eftir gæðakerfi sem samræmist kröfum gæðastjórnunarstaðalsins ÍST EN ISO 9001:2000 (vottað 2005) og umhverfisstjórnunarstaðalsins ÍST EN ISO 14001:2004 (vottað 2007). Þannig er gæðakerfið bæði gæðastjórnunarkerfi og umhverfisstjórnunarkerfi.

Í núgildandi skirteinum segir meðal annars:

„Vottorðið tekur til hönnunar, ráðgjafar, rannsókna og framkvæmdaefirlits á sviði mannvirkjagerðar, svo og verkefnastjórnunar, landmælinga, kostnaðaráætlana og matsstarfa. Nær einnig til starfsstöðvar á Akranesi“.

STEFNA

Stjórn fyrirtækisins hefur samþykkt eftirfarandi stefnu:

Almennt

- Að öll starfsemi AV fari að gildandi lögum og reglugerðum.
- Að vinna að stöðugum umbótum á gæðakerfi félagsins, þar með talið mengunarvörnum í innri starfsemi þess.

Gæðamál

- Að viðhafa vinnubrögð sem byggja á góðum starfsháttum, faglegri þekkingu og uppfyllir ákvæði gildandi laga, reglugerða og viðurkenndra staðla.
- Að veita vandaða og góða þjónustu í samræmi við fyrirfram skilgreindar óskir og væntingar viðskiptavinar.
- Að hafa tiltækt hæft starfsfólk, vinnuumhverfi og búnað til að stuðla að fullnægjandi gæðum.

Umhverfismál

- Að efla umhverfisvitund starfsmanna og skilning á mikilvægi umhverfisverndar.
- Að stuðla að góðri nýtingu náttúruauðlinda í innri starfsemi félagsins.
- Að byggja upp góða þekkingu starfsmanna á umhverfisvænum kostum og að sú þekking verði nýtt við ráðgjöf og hönnun.



ÁBYRGÐ Í GÆÐAKERFINU

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á þróun og rekstri gæðakerfisins en í fyrirtækinu er starfandi gæðaráð sem framkvæmdastjóri veitir forstöðu. Gæðaráðið er framkvæmdastjóra til ráðgjafar en gæðastjóri annast daglegan rekstur gæðakerfisins í umboði framkvæmdastjóra.

GÆÐATRYGGING

Gæðatrygging í vinnslu verkefna hjá AV er, eins og ISO 9001:2000 kveður á um, fólgin í því að öllum verkum er skipt upp í verkhluta og verkþætti. Verklagsreglur gæðakerfisins og/eða verkáætlanir tilgreina hvaða gæðatryggingaraðgerðir skulu viðhafðar. Aðgerðirnar eru í formi rýni, sannprófana og formlegrar útskriftar (fullgildingar) viðkomandi verkhluta.

Upplýsingar um gæðatryggingaraðgerðir eru varðveittar í samræmi við ISO 9001:2000.

INNRI ÚTTEKTIR OG ÚTTEKTIR VOTTUNARAÐILA

Í samræmi við kröfur staðalsins eru gerðar innri úttektir á starfsemi gæðakerfisins til að ganga úr skugga um að „það sé virkt og uppfylli áfram þarfir fyrirtækisins“. Innri úttektir eru gerðar kerfisbundið og er öll starfsemi fyrirtækisins tekin út einu sinni á ári.

Þá gerir Vottun hf., vottunaraðili AV, einnig úttektir á starfsemi gæðakerfisins tvisvar á ári til að sannreyna að gæðakerfið sé virkt.

GÆÐATRYGGING TIL HANDA VERKKAUPUM

Tilvist gæðakerfisins og það innra og ytra eftirlit sem viðhaft er, tryggir verkkaupa að fullnægjandi gæðatryggingaraðgerðir séu viðhafðar.



